

FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

Viðmið og útfærsla í skipulagi

Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar



Mars 2020



FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

VIÐMIÐ OG ÚTFÆRSLA Í SKIPULAGI

VERKNÚMER:	20003001	DAGS.:	2020-03-05
VERKÞÁTTUR:	Flokkun landbúnaðarlands	NR.:	1
UNNIÐ FYRIR:	Dalabyggð	YFIRFARIÐ:	EBK
VERKEFNISSTJÓRI:	Erla Bryndís Kristjánsdóttir		
HÖFUNDUR:	Einar Jónsson og Erla Bryndýs Kristjánsdóttir		
DREIFING:	Dalabyggð		

Formáli

Í þessari greinargerð eru sett fram viðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands í Dalabyggð. Byggt er á stefnu um skipulagsmál er varðar landbúnað og landbúnaðarsvæði og eru viðmiðin aðlöguð að aðstæðum á svæðinu. Einnig er settur fram greiningarlykill sem byggir á viðmiðunum.



Efnisyfirlit

Formáli	i
Efnisyfirlit	2
1 Forsendur og aðferðir	3
2 Grunnviðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands	5
3 Flokkar landbúnaðarlands	6
3.1 Tún og akrar	6
3.2 Annað ræktanlegt land og beutiland á láglandi	6
3.3 Beutiland, úthagi og afréttir	7
3.4 Votlendi	8
3.5 Birkikjarr og -skóglendi	8
3.6 Samþættar nytjar og takmarkanir	9
3.6.1 Hlunnindasvæði	9
3.6.2 Landslag, náttúru- og menningarminjar	9
4 Greiningarlykill	1
A. Flokkast landið sem landbúnaðarland?	1
B. Flokkar landbúnaðarlands	1
C. Samþættar nytjar og takmarkanir	3
D. Heildarniðurstaða fyrir flokkun landbúnaðarlands	1
Tilvitnanir og heimildir	2



1 Forsendur og aðferðir

Stefna stjórnvalda um skipulagsmál

Í *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* er mörkuð stefna ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Henni er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun. Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um þróun byggðar og landnýtingu.

Í gr. 2.3 í landsskipulagsstefnu „*Sjálfbær nýting landbúnaðarlands*“ er markmiðið að skipulag „... landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Í gr. 2.3.1 „*Skipulag landbúnaðarlands*“ eru nánari tilmæli til skipulags landbúnaðarlands í skipulagsgerð sveitarfélaga. Þar segir:

„Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland.“

Í gr. 2.3.2 „*Flokkun landbúnaðarlands*“ er jafnframt mælt til þess að umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Bændasamtök Íslands, standi fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu. Þessar leiðbeiningar liggja ekki fyrir.

Landbúnaður er viðfangsefni við gerð aðalskipulags sbr. skipulagslög¹ og skipulagsreglugerð². Þar skal m.a. fjalla um þróun landbúnaðar og megináhrifaþætti. Einnig helstu einkenni landbúnaðarsvæða, þ.e. búrekstrar sem þar er stundaður, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Stefnan er einnig sett fram sem landnotkun sbr. landnotkunarflokkinn „*Landbúnaðarsvæði*“ og eftir því sem við á takmörkun á landnotkun sbr. *hverfisvernd*. Auk þess er stefna aðalskipulagsins útfærð nánar við gerð deiliskipulags. Í því felst að skilgreina landnotkun og takmarkanir á henni þrengra en gert er í aðalskipulagi og kveða á um mismunandi notkun og tegund starfsemi á einstökum lóðum, lóðarhlutum eða byggingarhlutum svo og setja starfsemi ákveðnar takmarkanir. Í því felst m.a. að gera grein fyrir og setja skilmála um mannvirki og tegund af landbúnaðarstarfsemi á bújörðum.

Auk skipulagslaga, eru fjölmörg lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem taka þarf tilliti til við ráðstöfun landbúnaðarlands. Jarðalög³ setja m.a. reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það, auk þess að stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands, byggt á þeim lögum. Í drögnum er m.a. lagt til að allt land sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi verði flokkað m.t.t. ræktunarmöguleika⁴. Þar er lagt til að landbúnaðarsvæði verði flokkuð í fjóra flokka, *Mjög gott ræktunarland*, *Gott ræktunarland*, *Blandað ræktunarland* og *Annað landbúnaðarland*.

Lög um náttúruvernd⁵ er m.a. ætlað að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Lög um menningarminjar⁶ hafa þann tilgang að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.



Stefna Dalabyggðar um skipulagsmál

Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 er stefna um landbúnað. Eftirfarandi markmið varða einkum skipulag landbúnaðarlands:

- *Sauðfjárbúskapur verði áfram helsta aðalsmerki héraðsins og megingrein landbúnaðar á svæðinu.*
- *Staðinn verði vörður um þau náttúrugæði og auðlindir sem landbúnaðarframleiðslan byggir á og þær nýttar með sjálfbærum hætti.*
- *Innviðir svæðisins styrkist þannig að landbúnaður fái blómstrað sem kraftmikil atvinnugrein á svæðinu.*
- *Svæðið verði þekkt fyrir hágæða, hreinar landbúnaðarvörur, afburðahandverk og þekkingu í greininni, sem byggir á gömlum merg.*
- *Vörurnar byggji á búskap þar sem vel er farið með land og skepnur.*
- *Við vöruþróun og markaðssetningu verði sótt í mannauð, auðlindir, landslag, sögu og menningararfleifð svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.*
- *Sterk tengsl verði á milli landbúnaðar, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi.*

Í núgildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er mörkuð stefna um landbúnað og í aðalskipulaginu er m.a. að finna eftirfarandi markmið:

- *Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.*
- *Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.*
- *Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.*

Gögn og aðferðir til grundvallar flokkunar

Gengið er út frá því að við flokkun landbúnaðarlands verði byggt, eftir því sem kostur er, á hlutlægum mælikvörðum eða áhrifaþáttum. Viðmiðin, þ.e. grunnviðmið og flokkar landbúnaðarlands, eru byggð upp með þetta í huga. Leitast er við að tengja einstakar eigindir við opinber gögn. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að sannreyna þurfi flokkunina á vettvangi ef vafi er á ábyggileika þeirra gagna sem nýtt eru í flokkunina.

Fyrirliggjandi upplýsingar eru t.d. eftirfarandi:

- **Lögbýli.** Sjá Lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands.⁷
- **Hæð og halli lands.** Fyrirliggjandi eru hæðarlíkön af landinu í nákvæmni sem dugar fyrir flokkun, sbr. gögn Landmælinga Íslands.
- **Jarðvegur og gróður.** Landbúnaðarháskólinn gaf árið 2009 út í flokkun á íslenskum jarðvegi⁸. LULUCF 2017⁹ veitir upplýsingar um jarðveg og gróður. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands¹⁰ veita upplýsingar um vistgerðir. Öll framangreind gögn þarf að sannreyna, með tilliti til nákvæmni gagna og mælikvarða gagna.
- **Vegtengingar.** Upplýsingar um vegi eru m.a. í gögnum Landmælinga Íslands.

Hér að neðan er sett fram grunnviðmið um það hvað telst vera landbúnaðarland og á grunni þess eru fimm flokkar landbúnaðarlands, þ.e. *Landbúnaðarland I-V*. Auk þess eru skilgreindir tveir viðbótarflokkar, þ.e. *Hlunnindasvæði* og *Landslag, náttúru- og menningarminjar*, sem eftir því sem við á, leggjast ofan á fyrrgreinda flokka. Um er að ræða samþættar nytjar og takmarkanir á nýtingu landbúnaðarlands.

Skilgreind eru viðmið um hvernig farið skuli með flokka landbúnaðarlands og samþættar nytjar og takmarkanir í skipulagi.



2 Grunnviðmið fyrir flokkun landbúnaðarlands

Í vinnu við flokkun landbúnaðarlands í aðalskipulagi Dalabyggðar er gengið út frá því megin sjónarmiði að *landbúnaðarland* sé land sem er nýtt til búrekstrar með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu og þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Þessi megin sjónarmið styðjast við fyrrgreint ákvæði skipulagslaga, skipulagsreglugerðar og jarðalaga. Hugtakið „*landbúnaðarland*“ er ekki skilgreint með beinum hætti, en vísað er til hugtakanna landbúnaður og landbúnaðarsvæði í fyrrgreindum lögum. Gengið er út frá eftirfarandi viðmiði um hvað teljist vera landbúnaðarland:

Landbúnaðarland. *Er landið nýtanlegt eða nýtt til landbúnaðar, svo sem búfjárræktar, fóðurframleiðslu, grænmetisræktunar, hlunnindanýtingar og afrétta?*

Undir viðmiðið falla:

- ✓ Landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi.
- ✓ Lögbýli (í byggð og í eyði).
- ✓ Svæði sem talin eru henta sérstaklega vel ræktunar eða annarrar starfsemi sem tengist búrekstrinum.

Undir viðmiðið falla ekki:

- ✓ Jarðir/svæði sem eru ekki í vegsambandi við nærliggjandi byggð.
- ✓ Svæði sem eru minni en 1 ha að stærð og hafa ekki samlegð með aðliggjandi landbúnaðarsvæðum.

Land sem fellur undir ofangreint viðmið um „*landbúnaðarland*“ er hægt að flokka með tilliti til þess hve vel það hentar til ræktunar og annarra sjónarmiða sem taka þarf mið af við stefnumörkun um ráðstöfun lands.



3 Flokkar landbúnaðarlands

3.1 Tún og akrar

Lýsing

Landbúnaðarland sem fellur undir *tún og akra* hentar vel til ræktunar, svo sem fóðurframleiðslu og búfjárhalds. Bestu svæðin í þessum flokki gætu hentað til akuryrkju eða annar ræktunar sem krefst góðra skilyrða, þó ekki séu slík svæði skilgreind sérstaklega í þessu flokki.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Halli lands	< 12%	Miðað er við landhalla sé að jafnaði undir 12%. Meiri halli er talinn geta valdið jarðvegsrofi, þó háð jarðvegsgerð, þegar landi er endurræktað
Hæð lands (m.y.s)	< 150 m	Miðað er við þau tún sem standa hæst yfir sjávarmáli í Dalabyggð
Jarðvegsflokkar	Framræst mýri eða þurrlandisjarðvegur.	Sbr. <i>Mójörð og Brúnjörð – Svartjörð – Mójörð</i> á Jarðvegskorti 2009. Einnig <i>tún á framræstum jarðvegi og þurrlandisjarðvegi</i> í flokkun LULUCF 2017. Miðað skal við að land sé að jafnaði vinnanlegt niður á 20 cm dýpi
Gróðurflokkar/vistgerðir	Ræktað land	Samsvarandi er <i>tún og akurlendi</i> í Vistgerðaflokkun NÍ. Einnig samsvarandi flokkar hjá LULUCF 2017
Vegtengingar	Í vegasambandi	Miðað er við að vegsamband sé að túnnum og ökrum
Stærð	>1 ha	Samfelld eða aðliggjandi svæði. Aðliggjandi svæði innan 200 m teljast saman, þó að t.d. votlendi eða klappir slíti í sundur

Útfærsla í skipulagi

- Landbúnaðarland I. Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar.
- Landi í *flokki I* verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota nema ríkir almannahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða.
- Á landi í *flokki I* er heimilt að staðsetja mannvirki sem tengjast búrekstrinum með beinum hætti, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Öðrum mannvirkjum tengt búrekstrinum, svo sem bændagistingu og sumarhúsum, verði beint á önnur svæði.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt á túnnum og ökrum, ef frá er talin skjólbeltaræktun.

3.2 Annað ræktanlegt land og beitiland á láglandi

Lýsing

Landbúnaðarland sem fellur undir annað ræktanlegt land og beitiland á láglandi er verðmætt landbúnaðarland sem í sögulegu samhengi hefur fyrst og fremst verið nýtt til beitar. Bestu svæðin í þessum flokki gætu hentað til ræktunar sbr. flokkinn *tún og akra*.



Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Halli lands	< 12%	Miðað er við landhalla sé að jafnaði undir 12%. Meiri halli er talinn geta valdið jarðvegsrofi, þó háð jarðvegsgerð, þegar landi er umbylt
Hæð lands (m.y.s)	< 200 m	Miðað er við láglendi undir 200 m yfir sjávarmáli, sem er rúmlega það sem tún standa hæst í Dalabyggð
Jarðvegsflokkar	Framræst mýri, Mólendi eða annar þurrlandisjarðvegur	Sbr. <i>Mójörð og Brúnjörð – Svartjörð - Mójörð</i> á Jarðvegskorti 2009. Einnig sbr. <i>mói og óræktaður framræstur jarðvegur</i> í flokkun LULUCF 2017
Gróðurflokkar/vistgerðir	Mólendi og graslendi	Sbr. <i>mólendi og graslendi</i> í Vistgerðaflokkun NÍ. Einnig samsvarandi flokkar hjá LULUCF 2017
Vegtengingar	Í vegsambandi	Vegsamband að svæðinu
Stærð	>1 ha	Samfelld eða aðliggjandi svæði

Útfærsla í skipulagi

- Landbúnaðarland II. Verðmætt beitilandi og land sem getur hentað til ræktunar.
- Á landi í *flokki II* er heimilt að staðsetja mannvirki sem tengjast búrekstrinum, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi.
- Forðast ber að setja niður ágengar plöntur, hvort sem er til skógræktar eða annarrar ræktunar.
- Heimilt er að taka land í *flokki II* til skógræktar. Öll skógrækt innan skógræktarsamninga er leyfis skyld óháð stærð. Skógrækt undir 10 ha á hverju lögbýli er einungis tilkynningarskyld til skipulagsyfirvalda sem leita umsagnar viðeigandi aðila.

3.3 Beitiland, úthagi og afréttir

Lýsing

Landbúnaðarland sem fellur undir land sem almennt hentar ekki til ræktunar en gegnir mikilvægu hlutverki sem beitiland.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Jarðvegsflokkar	Fjölbreyttur jarðvegur, svo sem klettar, melar eða mólendi	Jarðvegur, oft rýr og að jafnaði hentar ekki til ræktunar
Gróðurflokkar/vistgerðir	Svo sem mólendi, graslendi, melar og sandar, skriður og klettar, uppgrætt land eða moslendi	Sbr. <i>mólendi, graslendi, melar og sandar, skriður og klettar, eða moslendi</i> í vistgerðaflokkun NÍ
Hæð lands (m.y.s)	Á láglendi eða til heiða	Samfelld svæði á laglendi og ofan byggðar
Stærð	>1 ha	Samfelld svæði



Útfærsla í skipulagi

- Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland.
- Á landi í *flokki III* er almennt ekki heimilt að staðsetja mannvirki, nema takmörkuð aðstaða tengd búrekstri eða ferðabjónustu. Einnig vegi og vegslóða, sbr. vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd og viðfangsefnið *samgöngur, vegir og stígar* samkvæmt skipulagsreglugerð.
- Heimilt er að taka land í *flokki III* til skógræktar. Öll skógrækt innan skógræktarsamninga er leyfis skyld óháð stærð. Skógrækt undir 10 ha á hverju lögbýli er einungis tilkynningarskyld til skipulagsyfirvalda sem leita umsagnar viðeigandi aðila.

3.4 Votlendi

Lýsing

Undir votlendi falla t.d. mýrar, vötn, leirur, grunnsævi og ár. Framleiðsla lífrænna efna er almennt mikil í votlendi og það er forsenda fyrir ríkulegu gróðurfari og dýralífi. Líffræðilegur fjölbreytileiki gróðurs í votlendi er hins vegar almennt ekki mjög mikill.

Votlendi nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þ.e. „... svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur...”

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Jarðvegsklokkar	Votlendisjarðvegur	Sbr. <i>Brúnjörð – Svartjörð – Votjörð</i> í Jarðvegskorti 2009. Einnig <i>votlendi</i> hjá LULUCF 2017
Gróðurflokkar/vistgerðir	Votlendi, tjarnir, lækir og vötn	Sbr. <i>votlendi</i> í vistgerðaflokkun NÍ og LULUCF 2017
Stærð	>2 ha	Samfelld svæði

Útfærsla í skipulagi

- Landbúnaðarland IV. Votlendi.
- Landi í *flokki IV* er óheimilt að raska sbr. lög um náttúruvernd og almennt ekki heimilt að staðsetja þar mannvirki nema ríkir almennahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða.
- Umfangsmikil votlendissvæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd verði hverfisvernduð.
- Óheimilt er að taka land í *flokki IV* til skógræktar.

3.5 Birkikjarr og -skóglendi

Lýsing

Undir birkikjarr- og skóglendi falla birkiskógar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Það er „...sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré“.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Gróðurflokkar/vistgerðir	Birkikjarr og birkiskógur	Sbr. vistgerðaflokkun NÍ og LULUCF 2017
Stærð	>1 ha	Samfelld svæði



Útfærsla í skipulagi

- Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi
- Landi í flokki V er óheimilt að raska og almennt ekki gert ráð fyrir að staðsetja þar mannvirki nema ríkir almennahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða.
- Umfangsmiklir birkiskógar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd verði hverfisverndaðir.

3.6 Samþættar nytjar og takmarkanir

3.6.1 Hlunnindasvæði

Lýsing

Undir hlunnindi falla ýmis konar landnytjar sem fylgja ákveðnum jarðeignum, teljast hluti af verðmæti lands og taka þarf mið af við skipulagsákvæðanir, sbr. „Landbúnaðarland I-V“ hér að framan.

Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Æðarrækt	Já/Nei	Hvort á svæðinu er t.d. æðarvarp eða uppeldi á æðarungum
Veiðar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru stundaðar veiðar, svo sem stangveiði eða skotveiðar
Plöntunytjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru nytjar, svo sem berja- og jurtanytjar
Eggjataka	Já/Nei	Hvort á svæðinu er eggjataka
Selveiði	Já/Nei	Hvort á svæðinu er stunduð selveiði
Fjörunytjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru fjörunytjar, svo sem rekaviður eða sölvataka
Minniháttar efnistaka	Já/Nei	Hvort á svæðinu er stunduð efnistaka til eigin nota, sbr. skipulagslög
Jarðhiti	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru heitar laugar eða nýting á jarðhitavatni til eigin nota
Orkuvinnsla	Já/Nei	Hvort á svæðinu er heimarafstöð eða raforkuframleiðsla til eigin nota

Útfærsla í skipulagi

- Ákvarðanir um ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum, þ.e. Landbúnaðarland I – V, taki mið af hlunnindum og hlunnindanýtingu á svæðinu.
- Við skipulag landbúnaðarlands skal samþætta, eftir því sem kostur er, hefðbundna landbúnaðarframleiðslu (ræktun lands og búfjárhald) og hlunnindanýtingu.

3.6.2 Landslag, náttúru- og menningarminjar

Lýsing

Undir flokkinn fellur landslag og náttúru- og menningarminjar sem teljast mikilvægar og taka þarf mið af við ráðstöfun lands, sbr. „Landbúnaðarland I-V“ hér að framan. Annars vegar eru það stakar náttúru- og menningarminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og lögum um menningarminjar. Hins vegar eru það landslag eða landslagsheildir, sem að einhverju marki umfaðma náttúru- og menningarminjar á svæðinu, en mynda samfellda heild og segja sögu af búsetu á svæðinu.



Eigind/eiginleiki	Gildi	Skýringar
Hverfisvernd á landbúnaðarsvæðum	Já/Nei	Hvort svæðið nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi?
Náttúruminjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru merkar náttúruminjar, svo sem á náttúruminjaskrá, landslag eða náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd?
Menningarminjar	Já/Nei	Hvort á svæðinu eru fornleifar sem eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar. Einnig skráðar menningarminjar sem mynda heild og/eða eru taldar hafa hátt verndargildi?
Búsetu- eða menningarlandslag	Já/Nei	Hvort á svæðinu er búsetulandslag sem ber merki um menningu fyrri tíma og/eða er talið mikilvægt fyrir sögu svæðisins eða í stærra samhengi?

Útfærsla í skipulagi

- Ákvarðanir um skipulag og ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum, þ.e. „Landbúnaðarland I – V“, taki mið af og stuðli að varðveislu merkra náttúru- og menningarminja og landslags.
 - Merkar náttúru- og menningarminjar og landslag verði hverfisverndað.
 - Við ráðstöfun landbúnaðarlands (flokkur I-V) verði þess gætt að raska ekki náttúru- og menningarminjum. Skipulag setji skilyrði um það efni, svo sem í tengslum við umbyltingu lands, ráðstöfun lands til skógræktar o.fl.
 - Við ráðstöfun landbúnaðarlands (flokkur I-V) til skógræktar verði miðað við að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu sambætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar. Sérstaklega verði metin áhrif skógræktar á ásýnd svæðisins og búsetu- og menningarlandslag, þar sem eru merkar menningarminjar, er löng búsetusaga eða svæðið gegnir mikilvægu hlutverki í sögu Dalabyggðar eða í stærra samhengi.



4 Greiningarlykill

A. Flokkast landið sem landbúnaðarland?

Er landið nýtanlegt eða nýtt til landbúnaðar, svo sem búfjárræktar, fóðurframleiðslu, grænmetisræktunar, hlunnindanýtingar og afrétta? Ef svarið við nr. 1 og 2 og/eða 3 er já, telst svæði vera landbúnaðarland.

		Já	Nei	Óljóst	Rökstuðningur/skýringar
1.	Er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi og er stærra en 1 ha?				
2.	Tilheyrir landið lögbýli (í byggð og í eyði) og er í vegasambandi?				
3.	Er svæðið talið henta sérstaklega vel ræktunar eða annarrar starfsemi sem tengist búrekstrinum?				

B. Flokkar landbúnaðarlands

		Já	Nei	Óljóst	Rökstuðningur/skýringar
1.	Landbúnaðarland I. Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar				
	Hallalítið og slétt land, að jafnaði minna en 12% halli				
	Á láglendi, undir 150 m yfir sjávarmáli				
	Frjór jarðvegur (að jafnaði) sem auðvelt er að rækta				
	Ræktað land, tún eða akurlendi				
	Í vegasambandi, þ.e. svæðið				
	Stærra en 1 ha, þ.e. samfelld eða aðliggjandi svæði				

**FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS**

Viðmið og útfærsla í skipulagi

2.	Landbúnaðarland II. Verðmætt beitilandi og land sem getur hentað til ræktunar				
	Hallalítið og slétt land, að jafnaði minna en 12% halli				
	Á láglandi, undir 200 m yfir sjávarmáli				
	Jarðvegur getur verið frjósamur eða rýr, t.d. framræst mýri eða mólendi				
	Beitiland, óræktað land. T.d. mólendi eða graslandi.				
	Í vegasambandi, þ.e. svæðið				
	Stærra en 1 ha, þ.e. samfelld eða aðliggjandi svæði				
3.	Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland				
	Jarðvegur að jafnaði rýr og hentar ekki til ræktunar, svo sem melar og skriður				
	Beitiland. Fjölbreyttur gróður, t.d. graslandi, melar uppgrætt land eða moslandi				
	Á láglandi eða til heiða				
	Stærra en 1 ha, þ.e. samfelld eða aðliggjandi svæði				
4.	Landbúnaðarland IV. Votlendi				
	Votlendisjarðvegur				
	Votlendi, tjarnir, lækir og vötn				
	Stærra en 2 ha				
5.	Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi				
	Birkikjarr og birkiskógur				
	Stærra en 1 ha				



C. Sampættar nytjar og takmarkanir

Viðbótarflokkar, þ.e. hlunnindi, nytjar eða takmarkanir á landnotkun sem þarf að taka tillit til við ráðstöfun lands á landbúnaðarsvæðum, auk ofangreinda flokka landbúnaðarlands, sbr. „Landbúnaðarland I – V“.

		Já	Nei	Óljóst	Rökstuðningur/skýringar
A.	Hlunnindasvæði				
	Æðarrækt, svo sem æðarvarp eða uppeldi á æðarungum				
	Veiðar, svo sem stangveiði eða skotveiðar				
	Plöntunytjar, svo sem berja- og jurtnytjar				
	Eggjataka á svæðinu				
	Selveiði á svæðinu eða næsta nágrenni				
	Fjörunytjar á svæðinu eða næsta nágrenni, svo sem rekaviður eða sölvataka				
	Efnistaka til eigin nota, sbr. skipulagslög				
	Heitar laugar eða nýting á jarðhitavatni til eigin nota				
	Orkuvinnsla, þ.e. er heimarafstöð eða raforkuframleiðsla til eigin nota				
B.	Landslag, náttúru- og menningarminjar				
	Nýtur svæðið hverfisverndar í aðalskipulagi				
	Eru merkar náttúruminjar á svæðinu, svo sem náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd				
	Eru merkar menningarminjar á svæðinu, svo sem fornleifar sem eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar				
	Er á svæðinu búsetulandslag sem ber merki um menningu fyrri tíma og/eða er talið er mikilvægt fyrir sögu svæðisins eða í stærra samhengi				



D. Heildarniðurstaða fyrir flokkun landbúnaðarlands

1. Flokkast svæðið sem landbúnaðarland?

Já

Nei

2. Ef svarið er já, undir hvaða flokk landbúnaðarlands fellur svæðið, þ.e. *landbúnaðarland I-V*?

Landbúnaðarland I. Verðmætt landbúnaðarland til ræktunar

Landbúnaðarland II. Verðmætt beitilandi og land sem getur hentað til ræktunar

Landbúnaðarland III. Verðmætt beitiland

Landbúnaðarland IV. Votlendi

Landbúnaðarland V. Birkikjarr og -skóglendi

3. Auk ofangreinds flokks landbúnaðarlands, er um er að ræða samþættar nytjar og/eða takmarkanir á nýtingu landbúnaðarlands sem taka þarf mið af við ákvarðanir um ráðstöfun landbúnaðarlands?

Hlunnindi. Hvaða? _____

Landslag, náttúru- og menningarminjar. Hvaða? _____

4. Útfærsla í skipulagi. Hvaða viðmið gilda um flokk landbúnaðarlands, samþættar nytjar og/eða takmarkanir á svæðinu?



Tilvitnanir og heimildir

¹ Skipulagslög nr. 123/2010.

² Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

³ Jarðalög nr. 81/2004.

⁴ Samráðsgátt. Reglugerð um vernd landbúnaðarlands. Sótt 3. mars 2020 af [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2628](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2628)

⁵ Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

⁷ Þjóðskrá Íslands. Lögbylaskrár. Sótt 25. Febrúar 2020 af <https://www.skra.is/>

⁸ Landbúnaðarháskóli Íslands. 2020. Kortavefsjá Landbúnaðarháskóla Íslands. LULUCF 2017. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://lbhi.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=227b358de2ec4738b9d51c8e86457c0d>

Ólafur Arnalds og Hlynur Óskarsson. 2009. Íslenskt jarðvegskort. Náttúrufræðingurinn 78 (3–4), bls. 141–153.

⁹ Landbúnaðarháskóli Íslands. 2020. Kortavefsjá Landbúnaðarháskóla Íslands. LULUCF 2017. Sótt 12. febrúar 2020 af <http://lbhi.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=227b358de2ec4738b9d51c8e86457c0d>

¹⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands. 2020. Vistgerðir. Sótt 25. Febrúar 2020 af <https://www.ni.is/grodur/vistgerdir>